

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 13. febrúar 2020: Tillaga Flokks fólksins um að gerðar verði breytingar á fyrirhuguðu deiliskipulagi við Laugaveg og nærliggjandi götur til að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks:

Flokkur fólksins leggur til að Laugavegur, Skólavörðu- og Vegamótastígur sem stendur til að gera að varanlegum göngu götum verði breytt í vistgötur sem opnar fyrir þann möguleika að bæði hreyfihamlaðir og eldri borgarar sem erfitt eiga með hreyfingu fái tækifæri til að njóta gatnanna og sækja sér þá þjónusta sem þar er í boði án vandkvæða. Fyrirkomulagið væri þannig að gangandi vegfarendur hafa allan forgang, en samt er leyfður akstur á hrað þeirra gangandi. Fá ökutæki munu sækja inn á slíkar götur nema ef nauðsyn krefur. Reyndin þar sem slíkt fyrirkomulag hefur verið viðhaft, er að fá ökutæki fara um göturnar. Það eru skýr mannréttindi fatlaðs fólks og aldraðrar að hafa jafnan rétt til aðgengis á við aðra. Í 9. gr. samþykktum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á aðgengi segir: Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum,... Á Alþingi voru samþykkt ný umferðalög sem kveða á um það sama og til stendur að gera samþykktir SP að lögum þann 13. desember n.k.